

Alþingi
Erindi nr. P 135 / 1389
komudagur 12.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.febrúar, 2008

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga o.fl., 338.mál, tegundir atvinnuleyfa, EES-reglur o.fl.

Í 13.gr. laga nr.97/2002 er fjallað um tímabundið atvinnuleyfi vegna náms. Samkvæmt nýjum lögum er erlendum nemum sem koma frá ríkjum utan EES og EFTA ekki heimilt að vinna með námi, nema um sé að ræða starf sem er hluti af námi þeirra. Þá er tekið sem dæmi nám í löggiltum iðngreinum, svo sem húsasmíði eða læknisfræði.

Nú þegar mæta stúdentar utan EES og EFTA miklum hindrunum hyggist þeir leggja stund á nám á Íslandi, og þar ber helst að nefna fjárhagslegar hindranir. Skv. 42.gr. reglugerðar 53/2003 um útlendinga, þurfa stúdentar að sýna fram á að framfærsla þeirra sé trygg allan þann tíma sem þeir sækja um að fá að dveljast hér á landi. Því þarf skiptinemi, frá ríki utan EES eða EFTA, sem hefur fengið inngöngu í íslenskan háskóla að sýna fram á að hann eigi 857.925 kr. til þess að fá leyfi til að dvelja hérlendis tvær námsannir.

Nánast allir íslenskir stúdentar vinna hlutastarf með námi enda nægir grunnframfærslan ekki ein og sér að framfleyta stúdentum. Húsnæðisvandi ungs fólks er mikill og löng bið eftir námsmannaíbúðum. Stúdentaráð Háskóla Íslands harmar það að banna eigi stúdentum utan EES og EFTA að vinna hlutastarf með námi á sama hátt og aðrir stúdentar hérlendis. Með þessum lögum er íslenska ríkið að setja frekari fjárhagslega byrði á stúdenta utan EES og EFTA og óttumst við að með þessu verði fjárhagslega hindrunin nánast óyfirstíganleg og að hún hindri algjörlega aðgang umræddra stúdenta að háskólamenntun á Íslandi.

Af þessu dregur Stúdentaráð Háskóla Íslands þá ályktun að háskólamenntun á Íslandi sé einungis opin þeim erlendu námsmönnum sem eru vel staddir fjárhagslega og samræmist það engan veginn þeim jafnréttisgildum sem eiga að vera grunnurinn að íslensku samfélagi. Einnig brýtur það í bága við þá stefnu sem menntamálaráðuneytið hefur sett sér hvað varðar framtíð háskólastigsins á Íslandi.

Árið 1999 skrifaði þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, undir Bolognayfirlýsinguna sem miðar að því að árið 2010 verði til hágæða háskólasamfélag í Evrópu þar sem landamæri eða aðrar hindranir standi ekki í vegi fyrir hreyfanleika nemenda og kennara. Í dag eru 46 ríki aðilar að Bologna ferlinu en 15 þeirra eru utan EES og EFTA. Ætli menntamálaráðuneytið sér að innleiða ferlið af sannfæringu verður að tryggja það að stúdentar frá þessum ríkjum geti átt þess kost að stunda nám á Íslandi, en hreyfanleiki stúdenta er hornsteinn evrópska háskólasvæðisins.

Einnig ber að líta til markmiðs Háskóla Íslands um að komast á lista yfir topp 100 bestu háskóla í heimi, en samningar við alþjóðlega háskóla skipa lykilhlutverk ætli Háskóli Íslands sér að ná þessu markmiði. Nú þegar hefur Háskóli Íslands gert skiptisamninga við virta

Háskóla um allan heim, þar á meðal í Bandaríkjunum. Fjárhagslegar hindranir stúdenta utan EES og EFTA geta sett strik í reikning íslenskra háskóla hvað varðar samninga við erlenda háskóla og stöðu þeirra í alþjóðsamkeppni.

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur að með þessum lögum sé verið að stíga skref í þveröfuga átt. Í stað þess að setja fleiri steina í götur erlendra stúdenta, ætti íslenska ríkið að gera sér grein fyrir þeirri stefnu sem menntamálaráðuneytið og íslenskir háskólar hafa sett sér og tryggja það að þeir geti orðið hluti af hinu alþjóðlega háskólasamfélagi.